

**Skýrsla fulltrúa ASÍ frá**  
**88. þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf**  
**30. maí -15. júní 2000.**

**Alþjóða vinnumálapingið 2000**

Hið árlega þing Alþjóða Vinnumálastofnunarinnar var haldið í Genf í Sviss dagana 30. maí til 15. júní 2000.

Í Alþjóða Vinnumálastofnuninni koma saman fulltrúar atvinnurekenda launafólks og stjórnvalda og hafa með sér samráð um flest það sem lítur að málefnum launafólks.

Fulltrúar ASÍ í íslensku sendinefndinni voru að þessu sinni þeir Hervar Gunnarsson og Ástráður Haraldsson. Auk þeirra áttu sæti í nefndinni lögfræðingar VSÍ þau Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón Magnússon af hálfu atvinnurekenda og af hálfu ríkisstjórnarinnar Elín Blöndal og Gylfi Kristinsson á vegum Félagsmálaráðuneytis og Benedikt Jónsson sendiherra í Genf. Félagsmálaráðherra sótti ekki þingið.

Fulltrúar ASÍ tóku þátt í störfum þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar og nefndar um starfsmenntun.

Á þinginu í ár var gerð ný alþjóðasamþykkt um mæðravernd sem kemur í stað eldri samþykktar um sama efni frá 1952. Miklar deilur urðu um samþykktina og einkenndist umræðan af mismunandi afstöðu fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjana, fulltrúa launafólks og atvinnurekenda. Atvinnurekendur hafa lengi talið að bindandi alþjóðasamþykktir eigi aðeins að setja um grundvallarréttindi og vildu gera samþykkt með almennum ramma um sveigjanlegum grundvallarreglum. Af hálfu launafólks var lögð áhersla á að samþykktin hefði að geyma nánari reglur. Niðurstaðan varð sú að hin nýja alþjóðasamþykkt er talsvert nákvæm og því miður vafamál að hún geti talist gagnleg a.m.k. í okkar heimshluta.

Á ráðstefnunni var samþykkt að grípa til refsiaðgerða gegn Myanmar eða Búrma vegna brota á alþjóðasamþykktum um nauðungarvinnu og þrælahald.

Niðurstaða almennu umræðunnar um starfsmenntun var einkanlega sú að tryggja þyrfti ráðningarhæfi starfsmanna (e.employability). Starfsmenntunin verði að tryggja hæfni starfsmanna til að takast á við breytingar og starfsmenntunin verði að taka mið af stöðugum breytingum á vinnumarkaði og tilkomu nýrra atvinnugreina.

Nefndin um framkvæmd aðildarríkjana á samþykktum ILO starfaði með hefðbundnu sniði. Umræðan þar er á grundvelli skýrslu óháðrar sérfræðinganefndar sem byggir á skýrslum sem aðildarríkjum er gert að skila um framkvæmd einstakra samþykktar. Nefndin fjallaði um 29 mál og gerði alvarlegar athugasemdir varðandi brot Búrma, Kamerún, Súdan og Venesúela.